

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1964

11. marz.

61

Nr. 29.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 4 11. marz 1961, um breyting á reglugerð nr. nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu eða flotvörpu, skal heimilt, auk þess sem segir í 1. gr., að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð nr. 3 11. marz 1961, á sömu stöðum og sömu tímum, sem þeim hefur verið heimilt að stunda veiðar frá 11. marz 1961.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 3. 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi þegar í stað og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1964.

Jóhann Hafstein.

Gunnlaugur E. Briem.